

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

- (a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;
- (b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 14

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, varðandi breytingar á samningnum.

Hinn 6. nóvember 1970 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi bókun frá 6. október 1970 við alþjóðasamning, er undirritaður var í Washington hinn 8. febrúar 1949, um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi.

Ofangreind bókun er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. desember 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.**BÓKUN**

við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi varðandi breytingar á samningnum.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington hinn 8. febrúar 1949, og er hér á eftir, með áorðnum breytingum, nefndur samningurinn, telja æskilegt að auðvelda gildistöku breytinga á samningnum og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

17. gr. samningsins verður 18. gr. og nýrri 17. gr. skal bætt inn á þessa leið:

17. gr.

1. Ríkisstjórn sérhvers samningsríkis svo og nefndin geta gert tillögu um breytingar á samningi þessum og skal hún tekin til meðferðar og afgreidd á reglulegum fundi nefndarinnar eða á sérstökum fundi hennar, sem kvatt er til samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 2. gr. samningsins. Hver slík breytingartillaga skal send ritara nefndarinnar eigi síðar en 90 dögum fyrir þann fund, sem ráðgert er að taki málið til meðferðar og skal hann senda tillöguna til ríkisstjórna allra samningsríkjanna svo og til allra fastafulltrúanna.
2. Tillaga um breytingu á samningnum skal samþykkt af nefndinni með þrem fjórðu atkvæða allra ríkisstjórna samningsríkjanna. Texta breytingartillögu, sem þannig hefur verið samþykkt, skal ríkisstjórn vörzluríkisins senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna.
3. Sérhver breyting skal taka gildi fyrir allar ríkisstjórnir samningsríkjanna 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar ríkisstjórnar vörzluríkisins um móttöku skriflegrar tilkynningar um

PROTOCOL

to the International Convention for the Northwest Atlantic Fisheries Relating to Amendments to the Convention.

The Governments parties to the International Convention for the Northwest Atlantic Fisheries signed at Washington under date of February 8, 1949, which Convention, as amended, is hereinafter referred to as the Convention, desiring to facilitate the entry into force of amendments to the Convention, agree as follows:

Article I

Article XVII of the Convention is renumbered "Article XVIII" and a new Article XVII is inserted to read as follows:

1. Any Contracting Government or the Commission may propose amendments to this Convention to be considered and acted upon by a regular meeting of the Commission or by a special meeting of the Commission called in accordance with the provisions of paragraph 6 of Article II of the Convention. Any such proposed amendment shall be sent to the Executive Secretary at least ninety days prior to the meeting at which it is proposed to be acted upon, and he shall immediately transmit the proposal to all Contracting Governments and to all Commissioners.
2. A proposed amendment to the Convention shall be adopted by the Commission by a three-fourths majority of the votes of all Contracting Governments. The text of any proposed amendment so adopted shall be transmitted by the Depositary Government to all Contracting Governments.
3. Any amendment shall take effect for all Contracting Governments one-hundred and twenty days following the date on the notification by the Depositary Government of receipt of

samþykkt þriggja fjórðu allra ríkisstjórnanna samningsríkjanna, nema einhver önnur ríkisstjórn samningsríkis tilkynni ríkisstjórn vörzluríkisins, að hún mótmæli breytingunni innan 90 daga frá dagsetningu tilkynningar ríkisstjórnar vörzluríkisins um þá móttöku og skal þá breytingin ekki taka gildi fyrir neina ríkisstjórn samningsríkis. Sérhver ríkisstjórn, sem mótmælt hefur breytingu, getur hvenær sem er dregið mótmæli sín til baka. Ef öll mótmæli gegn breytingu eru dregin til baka, skal breytingin taka gildi fyrir ríkisstjórnir allra samningsríkja 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar ríkisstjórnar vörzluríkis á móttöku síðasta fráfalls frá mótmælum.

4. Sérhver ríkisstjórn, sem verður aðili að samningnum eftir að breyting hefur verið samþykkt í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, skal talin hafa samþykkt téða breytingu.
5. Ríkisstjórn vörzluríkisins skal tafarlaust tilkynna öllum ríkisstjórnnum samningsríkja um móttöku tilkynningar um samþykkt breytinga, móttöku tilkynninga um mótmæli eða fráfalið frá mótmælum svo og um gildistöku breytinga.

2. gr.

1. Öllum þeim ríkisstjórnnum, sem aðilar eru að samningnum, skal heimilt að undirrita bókun þessa og fullgilda hana eða samþykkja hana eða gerast aðili að henni.
2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er fullgildingar- eða staðfestingarskjöl hafa verið afhent ríkisstjórn Bandaríkjanna til vörzlu eða skriflegar tilkynningar um aðild hafa borizt henni frá öllum ríkisstjórnnum, sem aðilar eru að samningnum.
3. Sérhver ríkisstjórn, sem gerist aðili að samningnum eftir að bókun þessi hef-

written notification of approval by three-fourths of all Contracting Governments unless any other Contracting Government notifies the Depositary Government that it objects to the amendment, within ninety days of the date on the notification by the Depositary Government of such receipt, in which case the amendment shall not take effect for any Contracting Government. Any Contracting Government which has objected to an amendment may at any time withdraw that objection. If all objections to an amendment are withdrawn, the amendment shall take effect for all Contracting Governments one hundred and twenty days following the date on the notification by the Depositary Government of receipt of the last withdrawal.

4. Any Government which becomes a party to the Convention after an amendment has been adopted in accordance with paragraph 2 of this Article shall be deemed to have approved the said amendment.
5. The Depositary Government shall promptly notify all Contracting Governments of the receipt of notifications of approval of amendments, the receipt of notifications of objection or withdrawal of objections, and the entry into force of amendments.

Article II

1. This Protocol shall be open for signature and ratification or approval or for adherence on behalf of any Government party to the Convention.
2. This Protocol shall enter into force on the date on which instruments of ratification or approval have been deposited with, or written notices of adherence have received by, the Government of the United States of America, on behalf of all Governments parties to the Convention.
3. Any Government which becomes a party to the Convention after this

ur verið lögð fram til undirskriftar, skal jafnframt gerast aðili að bókun þessari.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkisstjórnnum, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum um öll þau fullgildingarskjöl og aðildarskjöl, sem henni berast og einnig um það, hvaða dag bókun þessi tekur gildi.
5. Sérhver bókun um breytingu á samningnum, sem undirrituð hefur verið en hefur ekki tekið gildi þegar þessi bókun gengur í gildi skal eftir það taka gildi í samræmi við ákvæði þessarar bókunar; það er þó áskilið, að ef fullgildingar- eða samþykktarskjöl eða aðildartilkynningar varðandi slíka bókun hafa verið afhent ríkisstjórn vörzluríkisins af þrem fjórðu allra ríkisstjórna samningsríkjanna þegar bókun þessi tekur gildi, skal dagsetning sú, sem 90 daga og 120 daga frestirnir, sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr., miðast við að því er varðar slíkar breytingar talin vera gildistöku-dagur þessarar bókunar.

3. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna og skal hún senda staðfest eftirit af því til allra þeirra ríkisstjórna, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum.
2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, er hún er lögð fram til undirskriftar og skal vera unnt að skrifa undir hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma liðnum skal vera unnt að gerast aðili að bókuninni.

Protocol has been opened for signature shall at the same time adhere to this Protocol.

4. The Government of the United States of America shall inform all Governments signatory or adhering to the Convention of all ratifications and approvals deposited and adherences received and of the date this Protocol enters into force.
5. Any Protocol amending the Convention which has been signed but which has not entered into force at the date of entry into force of the present Protocol shall thereafter enter into force in accordance with the provisions of the present Protocol; provided, however, that, if instruments of ratification or approval or notices of adherence with respect to such Protocol have been received by the Depositary Government from three-fourths of all Contracting Governments at the time of entry into force of the present Protocol, the date on which the ninety, and one hundred and twenty, day periods specified in the first sentence of paragraph 3 of Article XVII shall commence with regard to such amendment shall be the date of entry into force of the present Protocol.

Article III

1. The original of this Protocol shall be deposited with the Government of the United States of America, which Government shall communicate certified copies thereof to all the Governments signatory or adhering to the Convention.
2. This Protocol shall bear the date on which it is opened for signature and shall remain open for signature for a period of fourteen days thereafter, following which period it shall be open for adherence.